

Fundur hjá skólaráði Myllubakkaskóla

17. mars 2021

Mættir: Bryndís Björg Guðmundsdóttir (skólastjóri), Svanhildur Skúladóttir (ritari og fulltrúi kennara), Unnur Guðmundsdóttir (fulltrúi kennara), Stefán Jónsson (fulltrúi starfsmanna), Hjörleifur Hannesson (fulltrúi foreldra), Hrafnhildur Ólafsdóttir (fulltrúi grenndarsamfélags), Ísak Helgi Jensson og Sólveig Hjörleifsdóttir (fulltrúar nemenda).

Lovísa Lilliendahl (fulltrúi foreldra) var fjarverandi.

1. Skóladagatal fyrir skólaárið 2021 – 2022

Skóladagatal fyrir skólaárið 2021 – 2022 var skoðað og samþykkt.

2. Breytingar á núverandi skóladagatali.

Árshátíð sem átti að halda föstudaginn 19. mars hefur verið frestað til föstudagsins 30. apríl vegna Covid 19. Stefnt er að því að halda veglega árshátíð, en kannski þarf hún að vera í streymi ef það verður ekki búið breyta fjöldatakmörkunum.

3. Staða á framkvæmdum vegna myglu- og rakaskemmda

Mannvit hefur gert fimm úttektir á húsnæði Myllubakkaskóla frá september 2019 og tekið sýni á ýmsum stöðum í byggingunni. Í öll þau skipti sem Mannvit hefur gert úttekt hefur mygla eða gró greinst nú síðast 10. nóvember síðast liðinn. Skólinn var hreinsaður með sérstökum efnum í jólafriinu og Reykjanesbær hefur gengið í að laga allar skemmdir. Nú er beðið eftir niðurstöðum úr sjöttu skoðun sem framkvæmd var í lok febrúar, þær eru væntanlegar öðru hvoru megin við páska. Ef þær eru neikvæðar verður skólaráð kallað til fundar til frekari ráðagerða ásamt yfirmönnum Reykjanesbæjar.

4. Önnur mál.

Rætt var um neikvæð áhrif sem Covid 19 hefur haft á skólastarfið t.d. félagsstarf nemenda.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Fundargerð ritaði Svanhildur Skúladóttir